

Nd.

303. Breytingartillögur

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá Hákonni Kristóferssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Ný kynd laudeigandi að annast sjálfur grenjavinnslu í landi sínu, og er honum það þá heimilt með samþykki hreppsnefndar þeirrar eða hrepps-

nefnda, er hlut eiga að máli, enda beri hann allan kostnað vinnslunnar sjálfur og njóti ágóða samkvæmt fyrirmælum 6. gr.

2. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Á grenjavinnslutíma er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir eða heimild er til þess veitt samkvæmt 3. gr., óheimilt að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð. Grenjavinnslutími skal talinn frá 1. maí til 20. júlí.

3. Við 5. gr. Fyrir þaldreia í 1. málslíð kemur: ekki.

4. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Allir yrðlingar, sem náðst hafa á greni á grenjavinnslutíma eða verið þaðan eltir uppi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði.

Nú hefir landeigandi fengið leyfi til grenjavinnslu í landi sínu, sbr. 3. gr., og skal hann þá eignast alla yrðlinga, sem hann nær á greni eða út frá því, ef hann vinnur bæði fullorðnu dýrin. Vinni hann aðeins annað dýrið, eignast hann hálft andvirði yrðlinga þeirra, sem hann nær, til jafns við sveitar- eða fjallskilasjóð, en vinni hann hvorugt fullorðnu dýranna, fellur andvirði yrðlinga óskert til sveitar- eða fjallskilasjóðs.

Nú næst yrðlingur á víðavangi á grenjavinnslutíma og ekki er vitað um, frá hvaða greni hann er kominn, og skal þá sá eignast, er náði, að helmingi við þann, er land á eða upprekstrararétt, ef á afirétti er. Sama gildir og, ef unnið er gren eða yrðlingur næst utan grenjavinnslutíma á svæði því, er hreppsfélag eða hreppfélög annast grenjavinnslu á.

5. Við 8. gr. Aftan við fyrri málsg. bætist: sbr. þó síðari málsg. 3. gr.